


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	<b>Lífsleikni 292 (LKN 292)</b> <b>Kennsluáætlun (vorönn 2014)</b>	
Síða 1 af 2		

<b>Kennari</b>	Árni Hrólfur Helgason, Hilmar Friðjónsson, Íris Ragnarsdóttir og Valgerður Dögg Jónsdóttir.	<b>Sk.st.</b>	ÁRN, HIF, ÍRA og VAL.
----------------	---	---------------	-----------------------

#### Áfangalýsing:

Í þessum áfanga sem fylgir í kjölfar lífsleikni 192 halda nemendur áfram að búa sig undir þátttöku í samfélaginu með því að efla enn fremur félagslega færni sína og siðferðiskennd. Lögð verður áhersla á að efla samskiptagreind og jákvæða lífssýn nemenda og gera þeim kleift að takast á við kröfur og ögranir daglegs lífs. Umsjónarkennari sér áfram um kennslu áfangans og er þannig í beinum tengslum við umsjónarhóp sinn og mun vera nemendum innan handar við að fylgjast með mætingu og framvindu náms um leið og lögð er áhersla á skipulag á námi skólans, skólareglur, ábyrgð nemenda á eigin námi, hegðun sinni og ástundun náms. Fjallað verður um sjálfsmynd og hvað það er sem hefur áhrif á hana t.d. námsörðuleikar, útlit, neyslujur, áhugasvið, sterka hæfileika nemenda og þá hæfileika sem vert er að styrkja. Einnig verður fjallað um áhrif einstaklings á samfélagið t.d. fjölmiðla, neyslumunstur, fjármál, akstur, atvinnu og framhaldsnám.

#### Námsgögn:

Ekki er notast við kennslubók, en lesefni og verkefnum er dreift í tíma af kennara.

#### Áætlun um yfirferð:

##### Öll önnin

Fylgst er með mætingum nemenda og gerðar athugasemdir við þær þegar þörf er á. Spurningum svarað um skólastarfið almennt og leitast við að efla nemendur við námsvinnuna.

##### Upphaf annar

Nemendur meta eigin stöðu út frá fyrri önn og skoða framhaldið í ljósi hennar. Sjálfsmatsverkefni sem snýr að stöðu nemandans eftir fyrstu önnina og markmiðasetning.

##### Dreift um önnina

Ýmsar heimsóknir þar sem gestir fjalla um ýmis málefni sem gera má ráð fyrir að kennarar geti ekki sinnt. Þar má nefna læknanema sem fjalla um heilbriggt kynlíf, ungliðahreyfingu samtakanna '78 tekur fyrir kynhneigð, forsvarsmenn Einingar/löju fræða nemendur um atvinnulíf, stöðu launþega og stéttarfélög, Sigríður Huld aðstoðar skólameistari fjallar um heilsueflandi framhaldsskóla og þema skólaársins sem er geðrækt og Óskar Þór Halldórsson blaðamaður miðlar reynslu sinni sem fjölmiðlamaður í samhengi við vinnu skólablaðs.

Þemu vorannar eru m.a. ökuréttindin, samskipti, Fjármál, fjölmiðlar, netheimur, kostir hans og gallar, fordómar, mannréttindi og lýðræði, ég og áhrif mín á samfélagið og kosningar í ljósi nemendaráðskosninga.

##### Eftir miðja önn


Námsval. Nemendur vinna í að velja sér áfanga fyrir næstu önn undir leiðsögn kennara. Valblað og fleiri verkefni um náms- og starfsval.

##### Síðusta vika annar

Undirbúningur fyrir próf. Verkefni um prófaundirbúning og próftöku.

#### Námsmat og vægi námsþátta:

Áfanginn er símatsáfangi og einkunnir byggjast á: Mætingu 10%, virkni 15%, Dagbók 40%, Verkefnamappu 35%.

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2	<b>Lífsleikni 292 (LKN 292) Kennsluáætlun (vorönn 2014)</b>	

Einkunn fyrir mætingu reiknast útfrá eftirfarandi kvarða (mætingar % = einkunn):

97-100% = 10 94-96,9% = 9 91-93,9% = 8

88-90,9% = 7 84-87,9% = 6 80-83,9% = 5

75-79,9% = 4 70-74,9% = 3 65-69,9% = 2

<65% = 0

Tekið er tillit til tilkynntra veikinda við mat á mætingu (10%).

Virgni nemenda felst í hversu vel þeir vinna verkefni sín og hversu mikið þeir taka þátt í verkefnum og umræðum tímans (15%).

Nemendur halda ítarlega dagbók um hvern tíma annarinnar, þar sem lýst er innihaldi tímans og upplifun nemanda (40%).

Nemendur halda sjálfir námsmöppu sem skal innihalda öll verkefni og dreifildi annarinnar auk kennsluáætlunar, mats á áfanganum og dagbók (35%).

#### Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils